

Jarðhitaborun í Ásatúni Hrunamannahreppi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-91-12

Jarðhitaborun í Ásatúni Hrunamannahreppi

Nýlega var boruð heitavatnshola í Ásatúni Hrunamannahreppi. Enginn jarðhiti er á þeim bæ nú, en fyrir framræslu mýra mun hafa verið volgra í s.k. Götukeldu nokkurn spöl SA frá bænum. Allmargar holur hafa verið boraðar í sunnanverðum Hrunamannahreppi eftir heitu vatni enda þótt jarðhiti væri þar ekki á yfirborði. Flestar hafa borið árangur. Varðandi staðsetningu hefur verið farið eftir viðnámsmælingum og misgengjum. Viðnámsmælingar sýna lágviðnámsrennu sem liggur NA-SV eftir miðri sveitinni og er Ásatún austantil í henni. Að öðru leyti var tekið mið af misgengjum með austlægum halla, þegar holan var staðsett. Mestu skipti að lenda ekki í þeim of ofarlega, áður en nægilegum hita væri náð. Stefnt var að því að bora allt að 400 m djúpa holu, en á því dýpi var þess vænst að hiti væri kominn vel yfir 60°C.

Borunin tókst vel. Aðeins óverulegar æðar komu fram ofan 300 m en í 320 m hittist í stóra heitavatnsæð. Borun var hætt í 350 m dýpi. Við þrúfudælingu með lofti gegnum stangir af 40 m dýpi gaf holan 25 l/s af 74°C heitu vatni sem hélst stöðugt meðan blás-ið var. Dælt var í 2 klst. Skammt er liðið síðan borun holunnar lauk (18.6) og hafa engar mælingar enn verið gerðar í henni utan hitamæling í stöngum er hún var orðin 270 m djúp. Vatnsborð í holunni stendur í 17 m. Holan er fóðruð með 10" í 50 m og nýtanleg sem dæluhola.

Kristján Sæmundsson

